

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um skýrslutöku af börnum í Barnahúsi og dómhúsum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve mörg börn hafa komið í skýrslutöku frá því að Barnahúsið var opnað?
2. Hversu oft hafa verið teknar skýrslur af börnum í Barnahúsi annars vegar og í dómhúsum hins vegar frá því að breyting þar að lútandi var gerð á lögum um meðferð opinberra mála? Svar óskast sundurliðað eftir árum og aldri barna.

Alls hafa 218 börn komið í skýrslutöku í Barnahúsi frá opnun Barnahússins hinn 1. nóvember 1998 og fram til 1. nóvember 2002.

Fyrir breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, sem samþykkt var á Alþingi 10. mars 1999, sbr. lög nr. 36/1999, sem öðluðust gildi hinn 1. maí 1999, voru teknar alls 48 skýrslur af börnum í Barnahúsi undir stjórn lögreglu. Frá 1. maí 1999 og fram til 1. nóvember 2002 hafa verið teknar 170 skýrslur af börnum í Barnahúsi undir stjórn dómara.

Sundurliðun á skýrslutöku á rannsóknarstigi í Barnahúsi undir stjórn dómara eftir árum og aldri barna má sjá nánar í eftirfarandi töflu:

Aldur	1999*	2000	2001	2002**	Alls
2–5 ára	5	8	9	4	26
6–9 ára	10	8	6	8	32
10–13 ára	11	11	16	17	55
14–18 ára	10	14	14	19	57
Samtals	36	41	45	48	170

* Frá 1. maí 1999.

** Til 1. nóvember 2002.

Sundurliðun á skýrslutöku á rannsóknarstigi í dómhúsi frá tímabilinu 1. janúar 2000 og fram til 1. nóvember 2002 má sjá nánar í eftirfarandi töflu:

Aldur	1999	2000	2001	Til 1. nóv. 2002	Alls
Brotáþolar <14 ára	5	14	14	13	46
Brotáþolar 14–18 ára	13	17	21	11	62
Samtals	18	31	35	24	108

Tíðni skýrslutöku af börnum á rannsóknarstigi opinberra mála í dómhúsi skiptist nánar tiltekið niður á héraðsdómstólana með eftirfarandi hætti:

Héraðsdómur	Aldur	1999	2000	2001	Til 1. nóv. 2002	Alls
Reykjavíkur	<14	5	10	8	7	30
	14–18	9	12	11	5	37
Vesturlands	<14	0	0	0	0	0
	14–18	0	0	1	0	1
Vestfjarða	<14	0	0	0	0	0
	14–18	0	0	2	0	2
Norðurlands vestra	<14	0	1	1	1	3
	14–18	0	0	3	1	4
Norðurlands eystra	<14	0	1	5	5	11
	14–18	0	0	4	3	7
Austurlands	<14	0	2	0	0	2
	14–18	0	3	0	1	4
Suðurlands	<14	0	0	0	0	0
	14–18	0	1	0	1	2
Reykjaness	<14	0	0	0	0	0
	14–18	4	1	0	0	5
Samtals		18	31	35	24	108

Við lestur og frekari úrvinnslu tölulegra upplýsinga verður að hafa hugfast að vegna ársins 1999 miðast tímamark skýrslutöku í Barnahúsi við 1. maí 1999 en tímamark skýrslutöku í dómhúsi miðast við allt árið 1999.

Að auki verður að hafa hugfast að skýrslutökur í dómhúsum fara fram í sérútbúnum skýrslutökuherbergjum og í mjög mörgum tilfellum sjá reyndir sálfræðingar um skýrslutökurnar í dómhúsunum og í nokkrum tilfellum hafa sérfræðingar Barnahúss verið kallaðir til, þannig að segja má að skýrslutökur í dómhúsum og Barnahúsi skarist talsvert.